

# MS félag Íslands

## Fundargerð aðalfundar

Aðalfundur félagsins haldinn 5. október 2013 kl. 13:00 að Sléttuvegi 5, Reykjavík.

Fundinn sátu 36 félagsmenn.

Fundarstjóri var Sigríður Jóhannesdóttir og fundarritari María Þorsteinsdóttir.

### 1. Skýrsla stjórnar:

Berglind Guðmundsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar og greindi frá starfsemi félagsins og atburðum á liðnu ári. Hún fjallaði m.a. um námskeið fyrir félagsmenn, samband við félagsmenn á landsbyggðinni og útgáfu blaðs. Formaður þakkað þeim fjölmörgu, bæði einstaklingum og fyrirtækjum, sem styrkt hafa félagið á sl. ári. Atlantsolía styrkti m.a. Alþjóðadag MS. Fjöldi einstaklinga hljóp fyrir félagið í Reykjavíkumaraþoni og söfnuðu áheitum. Í tilefni af 45 ára afmæli félagsins var nýlega frumsýnd sjónvarpsmynd um MS á RÚV, sem félagið lét gera í tilefni afmælisins.

Til þess að auðvelda rekstur félagsins hafa Berglind, Bergþóra Bergsdóttir og Sigurbjörg Ármannsdóttir tekið að sér stöðu framkvæmdastjóra án þess að þiggja laun fyrir það. Sá sparnaður mun skila sér á árinu 2013. Að lokum þakkaði Berglind félagsmönnum fyrir hönd stjórnarinnar fyrir einstaklega gott samstarf á árinu.

### 2. Ársreikningur:

Bergþóra Bergsdóttir, gjaldkeri, kynnti endurskoðaðan ársreikning félagsins fyrir 2012. Ársreikningur sýnir 7,7 milljóna kr. tap á árinu, þar af nema afskriftir af húsnæði 4,2 milljónum kr. Skýrist tapið af því að símasöfnun féll niður. Ákvörðun um það byggði á því að 2011 var mikil óánægja með framkvæmd á símasölunni og varð trúnaðarrestur

á milli stjórnar og fyrirtækisins sem sá um þessa þjónustu. Vegna mikilla kvartana og óánægju fólks, margra sem styrkt hafa félagið í áraraðir, var ákveðið að hvíla markaðinn árið 2012 en hefja svo söfnun að nýju nú í ár með nýjum aðilum. Reksturinn var að öðru leyti svipaður og fyrri ár. Handbært fé í árslok nam 11,7 milljónum kr.

Umræður um ársreikning: Spurt var um húsaleigutekjur. Svar við því var að nýr samningur tók gildi í ársbyrjun 2013 á milli félagsins og MS Setursins um greiðslu fyrir afnot hússins sem mun skila sér í hærri tekjum til félagsins frá og með 2013.

Spurt var um hvort niðurfelling á símasöfnuninni hafi verið rétt ákvörðun og svaraði gjaldkeri því að það hafi verið talið óhjákvæmilegt til að eiga það ekki á hættu að missa viðkvæman markað. Viðbrögð fólks sem hringt var til 2011 voru það neikvæð að talið var nauðsynlegt að staldra við. Á árinu 2012 varð ljóst að nýjir aðilar myndu koma að fyrirtækinu og því talið rétt að bíða eftir þeim. Einnig var vonast til að símanúmerasöfnun (900xxxx) sem farið var í 2012 myndi skila félaginu góðum tekjum en sú söfnun brást og mjög lítið safnaðist á þann hátt. Af því má sjá að rekstur félagsins er afar háður símasöfnun og má lítið út af bregða. Sem betur fer virðist símasöfnun sem farið var í í ár lofa góðu og samskipti við núverandi eigendur Öflunar allt önnur og miklu betri en áður.

Bergþóra kynnti einnig afkomu félagsins fyrstu 8 mánuði 2013 sem sýnir rúmlega 11 milljóna rekstrarhagnað en að frádregnum afskriftum og skammtímakröfum nemur afkoma tímabilsins 4,2 millj. kr. Ekki fæst annað séð en að afkoma ársins verði með ágætum þar sem skammtímakröfur eiga eftir að skila sér, auk m.a. framlags frá ÖBÍ, styrkja frá Reykjavíkumaraþoni og afraksturs jólakortasölu.

Sigurbjörg Ármannsdóttir gat þess að félagið fengi lítinn stuðning frá ríki og borg miðað við félög í öðrum löndum og sagði söfnun eins og

símasöfnun því vera nauðsynlega þó kostnaður við hana væri sannarlega hár.

Fundarstjóri hrósaði stjórninni fyrir dugnað og lagði til að fundarmenn klöppuðu fyrir henni og sömuleiðis fyrir Berglindi, Bergþóru og Sigurbjörgu fyrir að taka að sér framkvæmdarstjórarstarfið án launa og tóku fundarmenn vel í það.

Ársreikningur var samþykktur samhljóða.

### 3. Árgjald:

Samþykkt var að halda árgjaldi óbreyttu.

### 4. Lagabreytingar :

Karl Steinar Guðnason kynnti tillögur laganefndar að breytingum á lögum félagsins. Eftirfarandi breytingar voru samþykktar:

Tillaga um að 2. grein verði svohljóðandi: *“Markmið félagsins er að vinna að velferð þeirra sem haldnir eru MS-sjúkdómnum með því að veita þeim og aðstandendum þeirra stuðning og stuðla að öflugri félags- og fræðslustarfsemi.”* Tillaga kom frá fundinum um að bæta við þetta: *“Félagið er málsvari félagsmanna gagnvart hinu opinbera og öðrum aðilum.”* Tillagan var samþykkt samhljóða með þessari viðbót.

Tillaga að breytingu á 5. grein var að í stað þess að gera kröfur um að félagsmenn séu skuldlausir skuli standa *“hafa greitt árgjald til félagsins”*. Samþykkt samhljóða.

Tillaga um að 10. grein hljóði svo : *“ Stjórnarseta skal ekki vara lengur en 8 ár samfleytt og verða menn kjörgengir á ný að ári. Fyrri stjórnarseta skerðir ekki formannstíð. Formaður skal að jafnaði ekki sitja lengur en 8 ár. Aðalfundi einum er heimilt að ákveða hvort greiða skuli stjórnarlaun.”* Nokkrar umræður urðu um lengd stjórnarsetu og ekki síst setu formanns. Sumir töldu 8 ár of langan tíma en aðrir sáu ekki nauðsyn þess að hafa nein tímamörk t.d. ef formaður stæði sig vel og bentu á að kosið væri um stjórnarmenn og formann á 2ja ára fresti

og öllum frjálst að bjóða sig fram. Að lokum var greinin samþykkt með miklum meirihluta atkvæða þar sem einn var á móti og einn sat hjá.

5. Kosning stjórnar :

Til formanns:

Berglind Guðmundsdóttir gaf kost á sér til næstu tveggja ára. Ekkert mótframboð kom fram og var Berglindi fagnað með lófataki.

Til aðalmanna:

Daníel Kjartan Ármannsson og Sandra Þórisdóttir höfðu lokið stjórnarsetu og gáfu ekki kost á sér áfram. Í stað þeirra gáfu Gunnar Felix Rúnarsson og Ólína Ólafsdóttir kost á sér og voru þau kjörin einróma. Bergþóra Bergsdóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir eiga ár eftir af stjórnarsetu og sitja því áfram.

Til varamanns:

Njörður Helgason hefur lokið stjórnarsetu og gaf ekki kost á sér áfram. Björg Ásta Þórðardóttir gaf kost á sér og var kjörin einróma. Guðmundur Löve á ár eftir af stjórnsarsetu sinni og situr því áfram.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga:

Margrét Flovenz, löggiltur endurskoðandi KPMG og Valdemar Leó Friðriksson, sem er félagskjörinn, sitja áfram.

7. Kosning þriggja fulltrúa í fulltrúaráð ÖBÍ til tveggja ára:

Garðar Sverrisson situr áfram sem aðalfulltrúi. Ingveldur Jónsdóttir verður til vara og Sigurbjörg Ármannsdóttir verður fulltrúi á aðalfundi ÖBÍ.

8. Kosning nefnda :

Ritnefnd:

Páll Kristinn Pálsson verður áfram ritstjóri. Auk hans voru kosin: Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir, Jón Ragnarsson, Kristján Einar Einarsson, Njörður Helgason og Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Laganefnd:

Karl Steinar Guðnason, Sigríður Jóhannesdóttir og Helgi Seljan voru kosin til áframhaldandi setu.

Funda- og fræðslunefnd:

Eftirtalin voru kosin:

Berglind Guðmundsdóttir, Berglind Björgúlfsdóttir, Estíva G. Ottósdóttir, Helga Þórunn Sigurðardóttir, Hulda Björg Jónsdóttir, Jóhannes Jónsson, Kristján Einar Einarsson, Lonni Björg Hansen, Ólafur Örn Karlsson, Ólína Ólafsdóttir og Vigdís Ingólfssdóttir.

9. Önnur mál:

a) Tvær ályktanir voru samþykktar samhljóða; önnur um embætti umboðsmanns sjúklinga og hin um þverfaglega grunnheilsugæslu:

I. *“Aðalfundur MS-félags Íslands, sem haldinn var 5. október 2013, skorar á Alþingi að beita sér fyrir því að komið verði á fót embætti umboðsmanns sjúklinga sem gæti m.a. farið með úttektar- og eftirlitshlutverk á greiðsluþáttökukerfi heilbrigðisþjónustunnar. Leiða má að því sterk rök að málsmeðferð gegnum umboðsmann sjúklinga væri bæði skilvirkari og ódýrari fyrir notendur og stjórnkerfi en núverandi leiðir.”*

II. *“Aðalfundur MS-félags Íslands, sem haldinn var 5. október 2013, leggur til að heilbrigðisyfirvöld stefni að því að efla heilsugæslu landsmanna og horft verði til uppbyggingar hjá nágrannaþjóðum okkar þar sem þverfaglegt teymi heilbrigðisstétta þjónustar einstaklinginn. Heilsugæslan er ein af grunnstoðum þjóðfélagsins og ætti að vera fyrsta viðkoma einstaklings þegar leitað er eftir heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir að reynt hafi verið að verja starfssemi heilsugæslunnar síðustu ár, er ljóst að hún annar ekki hlutverki sínu eins og hún er byggð upp og með það fjármagn sem til hennar er veitt.*

*Þessi staða beinir fólki í dýrari úrræði og heildarsýn á meðferðaúrræði einstaklingsins tapast. Með öflugri þverfaglegri grunnheilsugæslu eru mestar líkur á því að einstaklingurinn njóti skilvirkari og hagkvæmari úrræða fyrir alla aðila.”*

b) Fundarmaður (Ásta) benti á nauðsyn þess að auka almennt stuðning við félagsmenn úti á landi. Formaður þakkaði fyrir ábendinguna og sagði stjórnina myndi ræða málið.

c) Kynning var á bókamerki, jólakortum og myndarlegum sparibauk sem Gísli Halldórsson gaf í tilefni af 70 ára afmæli sínu nú í haust.

d) Nýju fræðslumyndinni um MS, MS: Taugasjúkdómur unga fólksins, var hrósað.

e) Daníel Kjartani Ármannsýni, Nirði Helgasýni og Söndru Þórisdóttur var þakkað fyrir stjórnarsetu. Daníel var mættur og honum þakkað með blómum og lófataki fyrir gott framlag til félagsins á liðnu ári.

Að lokum var fundarstjóra þakkað með blómvendi og þakkaði hún fyrir afar góðan fund.

Fundi var slitið kl. 14:55 og boðið upp á kaffi og meðlæti.